



Persónuverndarstefna - Umsækjendur um störf

Uppfært: 16. janúar 2026

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. („Ölgerðin“) og dótturfélög þess, þ.m.t. Danól ehf. („Danól“) og Collab ehf. („Collab“), hafa einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga umsækjenda um störf hjá félögunum. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa umsækjendur hvaða persónuupplýsingar félögin vinna um umsækjendur og með hvaða hætti það er gert.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða alla þá sem sækja um störf hjá annað hvort Ölgerðinni, Danól og/eða Collab. Í þeim tilvikum er þú sækir um starf hjá Ölgerðinni kemur Ölgerðin fram sem svokallaður ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga. Í þeim tilvikum er þú sækir um starf hjá Danól og/eða Collab koma Ölgerðin og Danól, annars vegar og Collab og Ölgerðin hins vegar, fram sem svokallaðir sameiginlegir ábyrgðaraðilar, þar sem Danól og Collab útvista að stórum hluta starfsemi sinni til Ölgerðarinnar. Í stefnu þessari er til einföldunar oft vísað til „félagsins“ og er þá átt við það félag sem þú sóttir um starfið hjá. Í stefnunni er jafnframt vísað til umsækjenda sem „þín“ og félaganna sem „okkar“.

1. Tilgangur

Félögin leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“).

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

2. Persónuupplýsingar sem unnar eru

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur og fer vinnsla og söfnun að hluta til eftir eðli þess starfs sem sótt er um.

Eftirfarandi eru þær upplýsingar sem félögin einkum vinna um umsækjendur:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- starfsumsóknir;

- ferilskrár og upplýsingar um menntun, þjálfun og starfsreynslu;
- upplýsingar frá meðmælendum og ráðningarskrifstofum eftir atvikum; og
- upplýsingar úr starfsviðtölum.

Auk framangreindra upplýsinga kunna félögin einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem þú lætur félaginu í té í umsóknarferlinu.

Að meginstefnu til að afla félögin persónuupplýsinga beint frá þér. Í þeim tilvikum þar sem persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa þig um slíkt.

Ef til þess kemur að þér verði boðið starf hjá einu félaganna kann það að óska eftir afriti af eða upplýsingum úr sakavottorði, afriti af ökuskírteini, lyftaraprófi og prófskírteini þínu í tengslum við nánar tiltekin störf, áður en gengið er frá ráðningarsamningi.

3. Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum og á hvaða grundvelli?

Við söfnum persónuupplýsingum um umsækjendur fyrst og fremst til að leggja mat á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir.

Þær persónuupplýsingar sem við vinnum með um þig eru unnar í tengslum við umsókn þína um starf hjá félaginu, þ.e. á grundvelli beiðni þinnar um að gera samning við félagið.

Í afmörkuðum tilvikum kunnum við að afla samþykkis frá þér til að vinna með nánar tilgreindar upplýsingar, í tengslum við varðveislutíma þeirra upplýsinga sem þú afhendir okkur eða varðandi afhendingu á umsókn þinni til annarra félaga innan samstæðunnar. Í slíkum tilvikum er þér ávallt heimilt að afturkalla samþykki þitt.

Það skal tekið fram að veitir þú félagunum ekki umbeðnar upplýsingar í ráðningarferli getur það leitt til þess að félagið getur ekki ráðið þig til starfa.

4. Aðgangur að persónuupplýsingum og miðlun til þriðju aðila

Aðgangur að upplýsingum um umsækjendur takmarkast við mannauðsdeild Ölgerðarinnar og stjórnendur og yfirmenn þess starfs sem sótt er um.

Félagið kann að miðla persónuupplýsingum um umsækjendur til umsagnaraðila eða ráðningarskrifstofa í tengslum við ráðningarferlið. Þá skal tekið fram að félögin nýta sér vinnsluaðila í tengslum við upplýsingatækniþjónustu þar sem persónuupplýsingar þínar kunna að vera hýstar eða gerðar aðgengilegar vegna slíkrar þjónustu. Í þeim tilvikum er umsækjandi þarf að sækja um atvinnu- eða dvalarleyfi kann félagið að miðla afmörkuðum upplýsingum til Útlendingastofnunar og Þjóðskrár.

Að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna eða til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði, kann félagið einnig að reynast nauðsynlegt að miðla afmörkuðum upplýsingum um þig til þriðja aðila.

Félagið mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

5. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar þínar. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

Umsóknir og önnur gögn tengd ráðningarferlinu sem geymd eru á rafrænu formi eru vistaðar í tölvukerfi félagsins sem er aðgangsstýrt og gögn á pappírformi eru vistuð í læstum skápum.

6. Varðveisla á persónuupplýsingum

Er sex mánuðir eru liðnir frá því að umsóknarfresti lauk fyrir það starf sem sótt var um, eða þeim tíma er þú sendir inn almenna umsókn, mun félagið eyða persónuupplýsingum þínum verði ekki af ráðningu. Félagið kann hins vegar að óska eftir samþykki þínu fyrir lengri varðveislutíma.

Verði af ráðningu mun félagið flytja persónuupplýsingar þínar í rafræna starfsmannamöppu hjá félaginu og um þá vinnslu er kveðið í sérstakri stefnu félagsins.

7. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem félögin vinna með séu bæði réttar og viðeigandi. Á meðan á umsóknarferlinu stendur er því mikilvægt að þú tilkynnir félögunum um allar breytingar sem kunna að verða á þeim persónuupplýsingum sem þú hefur látið okkur í té.

Vinsamlega beinið öllum uppfærslum til mannauðsdeildar Ölgerðarinnar.

8. Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá aðgang og í ákveðnum tilvikum afrit af þeim persónuupplýsingum sem félögin vinna um þig sem og upplýsingar um vinnsluna.

Við ákveðnar aðstæður kannt þú jafnframt að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt eða að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þá átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar leiðréttar, séu þær rangar.

Auk þess kann að vera að þú eigir rétt á afriti af þeim upplýsingum sem þú hefur afhent félögunum á tölvutæku formi, eða að við sendum þær beint til þriðja aðila.

Ofangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi.

9. Fyrirspurnir umsækjenda og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig félagin vinna með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar eða mannauðsstjóra.

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

10. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar til að hafa umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa í gegnum netfangið [\[personuvernd@olgerdin.is\]](mailto:personuvernd@olgerdin.is)

Samskiptaupplýsingar félagsins:

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Grjóthálsi 7-11

110 Reykjavík

11. Endurskoðun

Félögin geta frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagin vinna með persónuupplýsingar. Uppfærð útgáfa af stefnunni verður birt á umsóknarvef félaganna eða kynnt á annan sannanlegan hátt.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á umsóknarvef.

Stefna þessi var sett árið 2018. Á fyrstu síðu má finna upplýsingar um hvenær hún var endurskoðuð síðast.